

Hagreiðningar landbúnaðarins 2007–2011

Economic accounts of agriculture 2007–2011

Samkvæmt niðurstöðum úr hagreiðningum landbúnaðarins jókst framleiðsluverðmæti greinarinnar um 10,2% á árinu 2011 samanborið við fyrra ár en á sama tíma jókst aðfangakostnaður um 7,8%. Á föstu verði stóð heildarframleiðslan nær í stað milli ára en aðfanganotkun dróst saman um 2,8%. Búfjárrækt er mikilvægasti þáttur íslensks landbúnaðar með um 69% framleiðsluverðmætisins. Fóður, bæði aðkeypt og heimaframleitt, er að sama skapi mikilvægast aðfanga, með um 46% vægi.

Hagstofa Íslands birtir nú í fyrsta skipti hagreiðninga fyrir landbúnaðinn sem unnir eru samkvæmt staðlaðri alþjóðlegri aðferðafræði.¹ Unnið hefur verið að þróun og uppsetningu þessara reiðninga innan Hagstofunnar undanfarin misseri og eru þeir nú birtir fyrir fimm ára tímabil, 2007–2011.

Helstu niðurstöður

Í umfjöllun þeirri sem hér fer á eftir verður að jafnaði vísað til talna metinna á grunnverði (e. *basic price*). Það er verð til framleiðanda, að frádregnum sköttum á vöru og þjónustu, en að viðbættum styrkjum vegna vöru eða þjónustu. Þetta þýðir að þær tölur sem hér eru birtar fela í sér flesta landbúnaðarstyrki sem úthlutað er hérlandis, t.a.m. beingreiðslur og gripagreiðslur, í þeim vöruflokkum sem við á. Skattar á vöru og þjónustu, þar sem helst er að nefna búnaðargjald og verðmiðlunargjöld, hafa að sama skapi verið dregnir frá viðkomandi framleiðslutölum. Niðurstöður á framleiðsluverði (e. *producer price*) þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara skatta og styrkja eru birtar á vef Hagstofunnar. Sömuleiðis er rétt að geta þess að allar tölur eru á verðlagi viðkomandi árs, sé annað ekki tekið fram, og hlutfallslegar breytingar eru miðaðar við það. Ýtarlega talnaefni, á verðlagi ársins sem og verðlagi fyrra árs má nálgast á vef Hagstofunnar.

Heildarframleiðsluvirði 2011
51,8 milljarðar


Heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins sem atvinnugreinar var metið 51,8 milljarðar króna árið 2011 og var það aukning um 10,2% frá fyrra ári. Aukning framleiðsluverðmætis nytjaplantna var 2,2%, en framleiðsluverðmæti dýra annars vegar og dýraafurða hins vegar jókst meira, eða um 16,7% og 9,4%. Á sama tíma jókst kostnaður við aðfanganotkun nokkuð minna, eða um 7,8% sem er viðsnúningur frá fyrra ári, þegar kostnaður við aðfanganotkun jókst meira en sem nam aukningu framleiðsluvirðis. Aukningu framleiðsluverðmætis má nær alfarið rekja til hækkandi afurðaverðs, en magn framleiðslunnar í heild stendur því sem næst í stað frá árinu 2010.

¹ Aðferðafræðin er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. [138/2004](#).

Mynd 1 sýnir skiptingu framleiðsluverðmætis árið 2011 eftir helstu undirflokkum. Eins og fæstum ætti að koma á óvart vegur búfjárrækt, þ.e. framleiðsla dýra og dýraafurða langþyngst eða um 69% af heildarframleiðsluverðmæti í landbúnaði.

Mynd 1. Skipting framleiðsluverðmætis landbúnaðar á grunnverði árið 2011

Figure 1. Share of agricultural production, valued at basic prices 2011



Til skýringar er rétt að geta þess að flokkurinn *framleiðsla nytjaplantna* innifelur m.a. fóðurframleiðslu, þ.e.a.s. hey. Flokkurinn *dýr* innifelur framleiðslu dýra til sölu (slátrunar, tómsunda) sem og framleiðslu dýra til undaneldis, þ.e.a.s. lífdýra, s.s. kúa og áa eða minka til ásetnings. Í *dýraafurðir* flokkast mjólk, egg, ull, loðfeldir og æðardúnn. Til *landbúnaðarþjónustu* telst helst starfsemi vélaverktaka sem sérhæfa sig í vinnu fyrir landbúnaðargeirann, sem og rúningur sauðfjár. Í flokknum *óaðgreinanleg aukastarfsemi sem ekki fellur undir landbúnað* eru tekjur af starfsemi sem ekki ætti með réttu að teljast til landbúnaðarstarfsemi en sem ekki er hægt að aðskilja frá starfsemi búans, vegna skorts á gögnum. Þarna er að miklu leyti um að ræða ýmsa vélaverktakaþjónustu (ekkert endilega landbúnaðartengda) bænda sem ekki eru sérhæfðir í slíkri starfsemi. Þar gæti t.d. verið um snjómokstur fyrir sveitarfélög að ræða eða annað slíkt. Einnig eru ferðaþjónusta, hestaferðir og ýmis akstur, þ.m.t. skólaakstur talin með. Upplýsingar um tekjur af slíkri starfsemi eru að mestu fengnar með úrvinnslu úr skattframtölum rekstraraðila í landbúnaði þegar hægt er að aðgreina þær frá öðrum tekjum. Aftur á móti er aðfanganotkun sömu aðila ekki nægilega sundurliðuð og því er ekki hægt að aðskilja þessa starfsemi þrátt fyrir að hún falli ekki með réttu undir landbúnað.

Ýtarlegri skiptingu framleiðsluvirðis eftir uppruna fyrir árin 2007 til 2011 má finna í töflu 1 sem og á vef Hagstofunnar.


Aðfanganotkun jókst um 7,8% vegna verðhækkana milli 2010 og 2011

Búfjárrækt er langmikilvægasti þáttur landbúnaðarstarfsemi hérlandis og vegur því dýrafóður þungt í aðfanganotkun greinarinnar. Aðrir stórir þættir í aðfanganotkuninni eru áburður og sáðvörur, orka og smurefni. Heildaraðfanganotkun greinarinnar árið 2011 nam 34,6 milljörðum króna, samanborið við 32,1 milljarð árið 2010, sem er 7,8% aukning milli ára. Þessa aukningu má alfarið rekja til verðhækkana, en á föstu verðlagi dróst aðfanganotkun saman um 2,8% milli 2010 og 2011.

Skiptingu aðfanga í helstu flokka má sjá á mynd 2. Eins áður sagði er fóður langumfangsmesti liður aðfanganotkunar, og fór vægi þess fremur vaxandi yfir tímabilið en þar er hækkandi kornverð á heimsmarkaði mikill áhrifavaldur, beint vegna kostnaðar aðkeypts fódurs, og óbeint sem liður í verðmati á heimaframleiddu fóðri. Svipaða sögu er að segja af þróun áburðar- og sáðvörunotkunar en hlutdeild hennar í heildaraðföngum fór úr um það bil 7% upp í 10% milli árána 2007 og 2011. Þrátt fyrir mikinn vöxt í útgjöldum vegna orkunotkunar stendur hlutdeild hennar í aðfangaútgjöldum að mestu í stað yfir tímabilið. Nánari yfirsýn yfir aðfanganotkunina má fá úr töflu 4, í töfluviðauka aftast í heftinu.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting aðfanganotkunar

Figure 2. Intermediate consumption by type of product, percentage




Aðfangahlutfall 63–68%
framleiðsluvirðis á tímabilinu

Mynd 3 sýnir skiptingu framleiðsluvirðis eftir helstu liðum. Eins og við er að búast vegur aðfanganotkun þar langþýngst, eða á bilinu 63–68%. Afskriftir fastafjármuna eru á bilinu 6–9% og 7–8% framleiðsluvirðis renna í launakostnað. Í samræmi við þjóðhagsreikningastaðla innifelur þessi liður ekki „reiknuð eigin laun“ en þau teljast til rekstrarhagnaðar/einrykjatekna. Sá liður fær í sinn hlut 17–23% af framleiðsluvirðinu.

Mynd 3. Hlutfallsleg ráðstöfun framleiðsluvirðis

Figure 3. Components of output, percentage



Skýringar Notes: Aðföng eru gefin upp að meðtöldum framleiðslusköttum, en fráregnum framleiðslustyrkjum. Intermediate consumption is shown including other production taxes but excluding other production subsidies.

Aðrar helstu niðurstöður árána 2007 til 2011 má sjá í töflu 1 ásamt ýtarlegri töflum í viðauka sem og á vef Hagstofunnar.

Tafla 1. Afkoma landbúnaðarins 2007–2011

Table 1. Results of agricultural operations 2007–2011

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>	2007	2008	2009	2010	2011
Virði afurða nytjaplönturæktar <i>Value of crop products</i>	7.853	10.137	11.793	12.878	13.156
Virði afurða búfjárræktar <i>Value of animal husbandry products</i>	24.964	28.846	31.667	31.599	35.761
Tekjur af landbúnaðarþjónustu <i>Income from agricultural services</i>	225	299	300	309	319
Tekjur af óaðgreinanlegri aukastarfsemi <i>Income from inseparable non-agric. secondary activities</i>	1.645	1.649	2.586	2.187	2.516
Heildarframleiðsluvirði <i>Total output value</i>	34.687	40.931	46.347	46.973	51.752
Aðfanganotkun <i>Intermediate consumption</i>	21.950	27.532	29.429	32.131	34.644
Vergt vinnsluvirði <i>Gross value added</i>	12.736	13.398	16.918	14.842	17.108
Afskriftir fastafjármuna <i>Fixed capital consumption</i>	2.920	3.767	3.686	3.414	3.245
Hreint vinnsluvirði <i>Net value added</i>	9.816	9.631	13.232	11.428	13.863
Aðrir framleiðslustyrkir <i>Other subsidies on production</i>	356	553	411	586	181
Aðrir framleiðsluskattar <i>Other taxes on production</i>
Þáttatekjur <i>Factor income</i>	10.172	10.184	13.643	12.013	14.044
Launakostnaður <i>Compensation of employees</i>	2.810	3.046	3.173	3.682	4.049
Rekstrarhagnaður/einyrkjatekjur <i>Operating surplus/mixed income</i>	7.362	7.138	10.470	8.331	9.995
Leiga og önnur leigugjöld af fasteignum sem ber að greiða (jarðaleiga) <i>Rents and other real estate charges to be paid</i>	63	78	100	125	115
Fjármagnsgjöld <i>Interest paid</i>	4.563	22.473	7.704	4.415	4.365
Fjáreignatekjur <i>Interest received</i>	770	205	185	181	175
Tekjur af atvinnurekstri <i>Entrepreneurial income</i>	3.507	-15.208	2.851	3.973	5.690

Skýringar *Notes:* Sundurliðun á öðrum framleiðslusköttum niður á atvinnugreinar er ekki til á Íslandi. Bókhaldsleg meðferð þessara gjalda er á þann veg að gera verður ráð fyrir að þau séu innifalin í aðföngum. *Information on the breakdown of other production taxes by industries is not available in Iceland and it is assumed that they are included in intermediate consumption.*

Bakgrunnur

Eins og nánar var fjallað um í Hagtiðindaheftinu *Landbúnaður 2010–2012* sem gefið var út 30. október 2012 hefur Hagstofan nú hafið söfnun á margvíslegu talnaefni um landbúnað. Þar má telja framleiðslutölur og skilaverð til framleiðenda, ásamt verðþróun ýmissa aðfanga. Samhliða söfnun þessara nýju hagtalna hefur Hagstofan einnig unnið að uppsetningu framleiðslureikninga fyrir landbúnaðargeirann sem heild. Slíkir reikningar eru unnir árlega í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) samkvæmt aðferðafræði sem þróuð er af Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Til að koma verkefninu á laggirnar fékk Hagstofa Íslands styrk til tveggja ára í gegnum IPA-fjölpáttaáætlun sambandsins (IPA (Instrument for Pre-Accession Assistance) multibeneficiary) til þróunar á landbúnaðartölfræði.

Aðferðafræði

Hagreiðningar landbúnaðarins eru kerfi reikninga sem sýna framleiðslu og virðisauka landbúnaðargeirans, ásamt afskriftum, þáttatekjum og ráðstöfun þeirra. Þessum reikningum svipar mjög til hefðbundins framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga og að mestu leyti er sömu reglum og stöðlum fylgt. Við útreikning framleiðsluverðmætisins er gengið út frá framleiðslumagni og verði varanna, alls staðar þar sem það er hægt. Í sumum smærri greinum reynist þó nauðsynlegt að nýta önnur gögn, svo sem skattframtöl rekstraraðila í landbúnaði eða upplýsingar um búnaðargjald. Sama gildir í nokkrum tilfellum fyrir fyrri ár, ef áður nefnd magn- og verðgögn eru ekki tiltæk eða fáanleg.

Hagreiðningar landbúnaðarins gefa eingöngu mynd af heildarstöðu landbúnaðarins, en ekki einstakra undirliða hans svo vel sé. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Ekki er gerð krafa um að sýna slíka sundurliðun í þeirri aðferðafræði sem fylgt er og einnig eru tæknilegir örðugleikar þar á. Meðal annars hefur reynst nauðsynlegt að meta aðfanganotkun með margvíslegum aðferðum og ekki er í öllum tilfellum hægt að gera það nema fyrir greinina í heild. Bókhalds- og skattaframtöl aðila í landbúnaði eru í mörgum tilfellum mikilvæg heimild um aðfanganotkun og þar sem slíkir aðilar stunda að jafnaði blandaða starfsemi er illmögulegt að rekja aðfanganotkunina beint til framleiðslu ákveðinna afurða.

Sérkenni og frávik frá hefðbundnum þjóðhagsreikningum

Innri velta meðtalin

Í mörgum ríkjum eru landbúnaðarreikningarnir lagðir til grundvallar mati á hlut landbúnaðarstarfsemi í framleiðslu viðkomandi hagkerfis sem mæld er með þjóðhagsreikningum. Þess vegna er rétt að nefna þau frávik eru milli aðferðafræði landbúnaðarreikninganna og þjóðhagsreikningastaðla. Í hinum almenna þjóðhagsreikningastaðli sem notaður er innan EES, ESA95, er ætlast til þess að einungis lokaafurð í framleiðsluferli innan sömu atvinnugreinar sé færð í reikningana, þ.e. sú afurð sem seld er út úr greininni. Frá þessari reglu er vikið í hagreiðningum landbúnaðarins þar sem framleiðsla sem er notuð beint í frekari framleiðslu innan sömu atvinnugreinar er færð í reikningana. Það kemur til af því að innan landbúnaðarins er það fremur regla en undantekning að einstök bú séu í mjög fjölbreyttri starfssemi en ekki bara einni búgrein. Fyrir vikið er stór hluti framleiðslunnar einmitt notaður á þennan hátt. Dæmi um þetta er kornrækt mjólkurbænda sem framleiða mikið magn fôðurs sem þeir nýta sjálfir en selja ekki á markað. Í hefðbundnum þjóðhagsreikningum er þessi framleiðsla hvergi sýnd. Í hagreiðningum landbúnaðarins er hins vegar leitast við að sýna alla þessa fram-

leiðslu og hráefnisnotkun svo framarlega sem aðföngin séu ekki notuð í nákvæmlega sams konar framleiðslu. Af þessum sökum er öll fódurræktun metin og talin með, en mjólk sem nýtt er til kálfafóðurs ekki.¹

Mat á verðmæti fódurframleiðslu getur verið ýmsum vandkvæðum bundið þar sem viðskipti með heimaræktað fóður á markaði eru sáralítill, sé byggræktin undanskilin. Það er því tæpast hægt að tala um að til sé markaðsverð, hvað þá að það sé marktækur mælikvarði fyrir verð heildarframleiðslunnar. Vandinn er einkum þekktur við verðmat á hey- og grænfódurframleiðslu. Helsta aðferð við verðmat á heyi er því að ganga út frá verði á öðru aðkeyptu fóðri, þ.e.a.s. kornvörum, en hnika því niður á við, með tilliti til lægra fódurgildis í hverju þurrefniskilói gróffóðurs heldur en korns, og þess að heimaframleidda fóðrið ætti að teljast ódýrara en aðkeypt. Þar sem verðmætið er fært á báðar hliðar reikninganna, þ.e.a.s. sem framleiðsla og sem aðfanganotkun eru nettóáhrifin á reiknaðan virðisauka greinarinnar þó engin. Þessar tilfæringar eru taldar endurspegla betur heildarumsvif atvinnugreinarinnar og því gerir aðferðafræði reikninganna ráð fyrir að öll fódurrækt sé færð til bókar á þennan hátt.

Skilgreiningin á landbúnaði, sem farið er eftir, fylgir að mestu sundurliðun ÍSAT2008² atvinnugreinaflokkunarinnar á atvinnugrein 01. Smávægilegar undantekningar eru þar á, sem í flestum tilvikum skipta þó engu máli á Íslandi. Til dæmis má nefna samvinnufélög framleiðenda sem vinna vín eða ólívuolíu úr eigin afurðum sem eiga í hagreikningunum að teljast til landbúnaðar, en teljast samkvæmt ÍSAT2008 til matvælaíðnaðar. Í hagreikningunum er nokkuð þrengri skilgreining á því hvað falla skuli undir atvinnugrein 01.6 – *þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta* en í ÍSAT flokkunarkerfinu. Einungis einingar sem sinna verktakastarfsemi á framleiðslustiginu eiga að teljast til landbúnaðarins í þessu samhengi. Til að mynda teljast því einingar sem sinna ýmis konar umhirðu almenningsgarða, garða og grænna svæða við íþróttamannvirki, eða klippingu og umhirðu trjáa og limgerða, ekki til landbúnaðar í skilningi hagreikninganna, þó þær kunni að vera taldar til landbúnaðar í þjóðhagsreikningum.

Framleiðsla lífdýra meðtalin

Bústofnsbreytingar og framleiðsla dýra sem fjárfestingarvöru eru sömuleiðis liðir sem lögð er áhersla á að fella inn í landbúnaðarreikningana, en þeim hefur hingað til verið gefinn lítill gaumur í íslenskum landbúnaðarhagtolum. Þarna er ekki um afurðir að ræða sem koma út úr geiranum nema að mjög litlu leyti og því á vissan hátt skiljanlegt að horft sé fram hjá þeim. Þarna er þó greinilega um umfangsmikla framleiðslu að ræða með tilheyrandi tilkostnaði sem eðlilegt er að meta þó henni sé síðan ráðstafað innan búanna í fjárfestingu en ekki á markað. Sem dæmi um umfang þessa liðar má hugsa sér sauðfjárstofninn, en árlegur ásetningur lamba samkvæmt forðagæsluskýrslum hefur undanfarin ár verið um 85–95 þúsund gripir. Sé metið eingöngu út frá sláturverði, þó það sé ekki alveg rétti mælikvarðinn á verðmæti undaneldisgripa, er um að ræða framleiðsluverðmæti í kringum 600 milljónir króna. Raunverulegt verðmæti nýrra undaneldisgripa er hins vegar alla jafna nokkuð og jafnvel verulega hærri, eins og greining á upplýsingum úr skatt-

¹ Hér gildir að starfssemi sem gefur af sér hráefni og starfssemi sem nýtir þau mega ekki vera í sömu atvinnugrein samkvæmt Íslensku atvinnugreinaflokkuninni ÍSAT2008 í fjögurra stafa niðurbroti. Rétt er að geta þess að hér er ekki átt við ÍSAT flokkun viðkomandi bú, heldur eðli hinna ýmsu verka sem þar eru unnin, þrátt fyrir að búið sjálft sé almennt flokkað eftir því af hvaða starfssemi það hefur meginhluta tekna sinna. Grasrækt og heyframleiðsla telst þannig starfssemi í ÍSAT grein 01.29 en búfjárræktin sem nýtir heyið til 01.41, 01.42, 01.43 eða 01.45. Mjólk sem gefin er kálfum er hins vegar framleidd innan greinar 01.41 og einnig notuð innan sömu greinar og uppfyllir því ekki kröfuna um nýtingu til ólíkrar framleiðslu.

² Sem er íslenska útgáfan af samevrópsku atvinnugreinaflokkuninni (NACE, Rev. 2).

framtölum um kaup á lifdýrum bendir til, og talan sem hér er nefnd því að sama skapi hærri. Þessari framleiðslu er hins vegar, líkt og fóðrinu, ráðstafað að langmestu leyti innan sama bús. Svipaða sögu má segja af nautgriparæktinni og, í smærri mæli, loðdýra-, svína- og varphænuframleiðslu.

Tilgangurinn að meta afkomu landbúnaðarins

Hagreiðningar landbúnaðarins eru gerðir í þeim tilgangi að meta tekjur og afkomu landbúnaðarins sem atvinnugreinar og einskorðast því við einingar sem stunda tekjuskapandi landbúnaðarstarfsemi. Aðilar sem stunda landbúnað eingöngu sem tómstundaiðju teljast því ekki með. Einingar í sjálfsþurftarbúskap eiga þó strangt til tekið að teljast með en slíkt skiptir tæpast máli hérlandis. Að sama skapi gerir aðferðafræðin ráð fyrir að framleiðsla til eigin nota á bújörðum sé færð til bókar, en í mörgum tilfellum er vandasamt að meta umfang þessa og veruleg óvissa í því mati. Í hefðbundnum þjóðhagsreikningum ber hins vegar að telja með alla framleiðslu, þ.m.t. tómstundabænda og er það því liður sem nauðsynlegt er að meta sérstaklega ef nýta á niðurstöður landbúnaðarreikninganna til þjóðhagsreikninga-gerðar. Ennfremur er rétt að benda á að hagreiðninga landbúnaðarins má ekki leggja að jöfnu við tekjureikninga landbúnaðarheimila. Af þessum sökum koma hlunnindatekjur eins og leiga laxveiðisvæða eða efnistaka, t.d. malarnám, ekki inn í reikningana. Æðarrækt er þó undantekning, enda er hún skilgreind sem sjálfstæð búgrein í ÍSAT2008 (01.49.2).

Hnökkrar í fyrstu útgáfu

Almenna reglan að meta framleiðsluvirði út frá magni og verði

Eins og fram hefur komið er almenna reglan í reikningunum að meta framleiðsluvirði út frá magn- og verðupplýsingum. Það er þó ekki í öllum tilvikum unnt og er þá leitast við að meta það út frá öðrum tiltækum gögnum. Í flestum tilfellum er þar um að ræða skattframtöl og búnaðargjaldsuppgjör. Þetta á við um hrossaræktina (að frátalinni hrossaslátrun), kartöflurækt, blóma- og garðplönturækt, sem og æðarrækt.

Samkvæmt aðferðafræði reikninganna er gert ráð fyrir að öll ræktun fóðurplantna sé talin til framleiðslu, óháð því hvort uppskorið var eða beitt. Þetta þýðir í reynd að allur hagi sem eitthvað er borið á telst til ræktunar og ætti að meta til framleiðslu, meðan beit á afrétti fellur utan framleiðsluáðarsins og telst einungis nýting náttúruauðlinda. Í þessari útgáfu hefur ekki reynst gerlegt að ganga þetta langt í mati á fóðurframleiðslu. Heyfengurinn er metinn til framleiðslu út frá upplýsingum úr forðagæsluskýrslum en grænófóðurræktin út frá ræktunarumfangi og því óháð því hvort slegið var eða beitt. Vonir standa til að hægt verði að bæta því sem út af stendur, grasrækt til beitar, inn í reikningana þegar fram líða stundir. Rétt er að ítreka að allar þessar tölur, sem telja má óhefðbundnar þar sem þær koma ekki fram í hefðbundnu bókhaldi bænda, færast á báðar hliðar reikninganna og hafa ekki áhrif á heildarniðurstöðu, þ.e. reiknaðan virðisauka, hagnað eða tap.

Tómstundabændur undanskildir

Í flestum tilfellum fer búfjáreign og landbúnaðarstarfsemi saman. Í hrossarækt, og lítillega í sauðfjárrækt, er nokkur hluti skráðs bústofns í eigu aðila sem ekki stunda landbúnað sem atvinnustarfsemi. Samanburður á búfjártölum í landbúnaðarrannsókn Hagstofunnar og fjöldatölum úr búfjárefartiliti Matvælastofnunar gefur til kynna að hlutfall hrossa sem ekki teljast til landbúnaðar sé nærri 30% (29% árið 2010 sem er viðmiðunarár könnunarinnar). Með sama móti má álykta að um 3,5% (3,4% árið 2010) sauðfjárstofnsins séu í eigu aðila sem ekki tilheyra atvinnugreininni, þ.e. tómstundabænda. Fyrir aðrar búgreinar er þessi munur hins vegar hverfandi og ekki talin ástæða til að leiðrétta fyrir honum.

Erfiðleikar í mati á hrossarækt

Hrossaeign aðila utan landbúnaðarins skapar þó ákveðna óvissu í reikningunum. Þar er oft um að ræða reiðhesta til eigin nota í eigu einstaklinga, sem ekki eiga erindi í hagreikninga landbúnaðarins. Hins vegar getur þar líka verið um að ræða ýmis konar hrossaeign, -þjálfun, -tamningar, og jafnvel -ræktun, í þéttbýli, hjá einstaklingum sem ekki eru skráðir í landbúnað. Framleiðsluverðmæti hrossaræktarinnar er í þessari útgáfu reikninganna áætlað út frá upplýsingum um búnaðargjaldsstofn, ásamt gögnum um framleiðslu og verð sláturhrossa. Samanburður við gögn um útflutning hrossa leiðir í ljós að samkvæmt tollagögnum er meira flutt út en sem nemur heildarframleiðslunni eins hún kemur fram í skattframtölum. Á þessu geta verið ýmsar skýringar, en að líkindum er helsta ástæðan sú að umtalsverð velta af ræktun og sölu hrossa sé í höndum aðila sem ekki eru með formlegan atvinnurekstur í landbúnaði. Í því samhengi má benda á umfjöllun í *Hestablaðinu* 8. desember 2011 þar sem fram kemur að yfir helmingur kynbóta-hrossa á Landsmóti hestamanna 2011 var ræktaður af þéttbýlisfólki sem býr ekki á lögbýlum. Við vinnslu hagreikninganna nú voru ekki önnur gögn tiltæk en skattframtöl aðila sem skila búnaðargjaldi og því reyndist nauðsynlegt að ganga út frá þeim. Forsendan er því sú, að ekki séu aðrir en þeir sem skila búnaðargjaldi í raunverulegri atvinnustarfsemi í landbúnaði heldur sé þar aðeins um tómstundastarf að ræða. Í ljósi umfangs útflutningsins má hins vegar leiða að því líkum að framleiðsluverðmæti hrossaræktarinnar kunni að vera nokkuð vanmetið í þeim reikningum sem nú liggja fyrir.

Til framtíðar

Hér er um að ræða fyrstu útgáfu Hagstofunnar á hagreikningum landbúnaðarins í samræmi við samræmda evrópska aðferðafræði. Það er skoðun stofnunarinnar að í megindrátum gefi reikningarnir góða mynd af rekstri atvinnugreinarinnar. Verkefnið er þó enn í þróun og ýmis atriði liggja fyrir sem áformað er að bæta í næstu útgáfum. Við þessa fyrstu vinnslu verkefnisins var víða leitað fanga og vill Hagstofan þakka öllum þeim aðilum sem veittu liðsinni í formi gagna og ráðlegginga fyrir þá aðstoð.

Þrátt fyrir að í þessari atrennu hafi verið nauðsynlegt að afla upplýsinga sérstaklega fyrir reikningagerðina er fyrirséð að í framtíðinni verði unnt að nýta í mun meira mæli þá grunntölfræði sem Hagstofan safnar nú. Hagreikningar landbúnaðarins eru víðast hvar unnir út frá slíkum gögnum og breytast óhjákvæmilega ef grunngögnin breytast, eru uppfærð með ýtarlegri gögnum eða ef áætluðum tölum er skipt út fyrir heimildir. Reikningarnir sem birtir eru hverju sinni endurspeglar þannig þær upplýsingar sem eru fyrir hendi á hverjum tíma.

Reikningar fyrir árið 2012 síðla árs 2013

Uppbygging og þróun landbúnaðarhagreikninganna mun halda áfram á Hagstofunni og stefnt er að næstu útgáfu þeirra, fyrir árið 2012, þegar dregur að lokum þessa árs.

English summary

Statistics Iceland publishes for the first time Economic Accounts for Agriculture (EAA) prepared according to the standard methodology developed by Eurostat.¹ The accounts have been under development for almost two years, as a part of a larger project of improving Icelandic agricultural statistics, financed through an IPA multibeneficiary grant by Eurostat.

The period under observation was 2007–2011. The main results show an increase in production value, in basic prices, of the agricultural industry to 51.8 billion ISK in 2011, up from 47 billion ISK in the preceding year, or by 10.2%. Input use also increased in nominal terms, but less, or by 7.8%, from 32.1 to 34.6 billion ISK. In real terms output in 2011 remained almost unchanged from the preceding year at 0.3% growth but intermediate consumption declined by 2.8%.

Animal husbandry is by far the most important aspect of Icelandic agriculture and accounts for 69% of the production value in 2011. Forage is the most important item of intermediate consumption, with 46% of the total, including both purchased and home grown fodder.

¹ REGULATION (EC) No 138/2004 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 5 December 2003 on the economic accounts for agriculture in the Community.

Tafla 2. Framleiðsluverðmæti á grunnverði 2007–2011Table 2. *Production values in basic prices 2007–2011*

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>	2007	2008	2009	2010	2011
01 Korn (þ.m.t. fræ) <i>Cereals (Incl. seeds)</i>	289	526	550	444	455
03 Fóðurjurtir¹ <i>Forage plants¹</i>	5.314	6.813	8.133	9.089	9.189
04 Grænmeti og afurðir garðyrkju <i>Vegetables and horticultural products</i>	1.812	2.315	2.582	2.784	2.852
04.1 Ferskt grænmeti <i>Fresh vegetables</i>	1.183	1.593	1.768	1.937	2.025
04.2 Blómjurtir og aðrar plöntur <i>Plants and flowers</i>	630	722	814	848	826
05 Kartöflur (þ.m.t. útsæði) <i>Potatoes (Including seeds)</i>	437	483	528	561	660
10 Framleiðsla nytjaplantna (01 til 05) <i>Crop output (01 to 05)</i>	7.853	10.137	11.793	12.878	13.156
11 Dýr <i>Animals</i>	13.576	15.678	16.414	16.233	18.950
11.1 Nautgripir <i>Cattle</i>	2.525	2.604	2.640	2.626	2.998
11.2 Svín <i>Pigs</i>	1.676	2.312	1.849	1.675	2.058
11.3 Dýr af hestaætt <i>Equines</i>	681	844	1.000	677	940
11.4 Sauðfé og geitur <i>Sheep and goats</i>	6.242	7.444	8.039	8.427	9.542
11.5 Alifuglar <i>Poultry</i>	2.357	2.406	2.627	2.600	3.073
11.9 Önnur dýr <i>Other animals</i>	95	69	259	227	339
12 Dýraafurðir <i>Animal products</i>	11.388	13.167	15.253	15.366	16.811
12.1 Mjólk <i>Milk</i>	9.852	11.467	12.778	12.804	13.529
12.2 Egg <i>Eggs</i>	776	844	1.051	966	1.226
12.9 Aðrar dýraafurðir <i>Other animal products</i>	760	857	1.425	1.596	2.056
13 Dýr og afurðir dýra (11+12) <i>Animal output (11+12)</i>	24.964	28.846	31.667	31.599	35.761
14 Framleiðsla landbúnaðarafurða (10+13) <i>Agricultural goods output (10+13)</i>	32.817	38.982	43.461	44.477	48.917
15 Landbúnaðarþjónusta <i>Agricultural services output</i>	225	299	300	309	319
16 Landbúnaðarframleiðsla (14+15) <i>Agricultural output (14+15)</i>	33.042	39.282	43.760	44.786	49.236
17 Aukastarfsemi sem ekki fellur undir landbúnað (óaðgreinanleg) <i>Non-agricultural secondary activities (inseparable)</i>	1.645	1.649	2.586	2.187	2.516
18 Heildarframleiðsla landbúnaðargeirans (16+17) <i>Output of the agricultural 'industry' (16+17)</i>	34.687	40.931	46.347	46.973	51.752

¹ Gulrófur eru taldar til fóðurjurtanna en ekki til fersks grænmetis samkvæmt aðferðafræðinni sem beitt er. Verðmæti rófuframleiðslunnar 2011 er áætlað 106 milljónir króna. *Swedes are included in the item 'other forage plants' and not 'fresh vegetables' according to the methodology used. The value of the swede production 2011 is estimated ISK 106 million.*

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting framleiðsluverðmætis á grunnverði 2007–2011

Table 3. Shares in production values in basic prices 2007–2011

Hlutfallsleg skipting <i>Percentage breakdown</i>	2007	2008	2009	2010	2011
01 Korn (þ.m.t. fræ) <i>Cereals (Incl. seeds)</i>	0,8	1,3	1,2	0,9	0,9
03 Fóðurjurtir¹ <i>Forage plants¹</i>	15,3	16,6	17,5	19,3	17,8
04 Grænmeti og afurðir garðyrkju <i>Vegetables and horticultural products</i>	5,2	5,7	5,6	5,9	5,5
04.1 Ferskt grænmeti <i>Fresh vegetables</i>	3,4	3,9	3,8	4,1	3,9
04.2 Blómjurtir og aðrar plöntur <i>Plants and flowers</i>	1,8	1,8	1,8	1,8	1,6
05 Kartöflur (þ.m.t. útsæði) <i>Potatoes (Including seeds)</i>	1,3	1,2	1,1	1,2	1,3
10 Framleiðsla nytjaplantna (01 til 05) <i>Crop output (01 to 05)</i>	22,6	24,8	25,4	27,4	25,4
11 Dýr <i>Animals</i>	39,1	38,3	35,4	34,6	36,6
11.1 Nautgripir <i>Cattle</i>	7,3	6,4	5,7	5,6	5,8
11.2 Svín <i>Pigs</i>	4,8	5,6	4,0	3,6	4,0
11.3 Dýr af hestaætt <i>Equines</i>	2,0	2,1	2,2	1,4	1,8
11.4 Sauðfé og geitur <i>Sheep and goats</i>	18,0	18,2	17,3	17,9	18,4
11.5 Alifuglar <i>Poultry</i>	6,8	5,9	5,7	5,5	5,9
11.9 Önnur dýr <i>Other animals</i>	0,3	0,2	0,6	0,5	0,7
12 Dýraafurðir <i>Animal products</i>	32,8	32,2	32,9	32,7	32,5
12.1 Mjólk <i>Milk</i>	28,4	28,0	27,6	27,3	26,1
12.2 Egg <i>Eggs</i>	2,2	2,1	2,3	2,1	2,4
12.9 Aðrar dýraafurðir <i>Other animal products</i>	2,2	2,1	3,1	3,4	4,0
13 Dýr og afurðir dýra (11+12) <i>Animal output (11+12)</i>	72,0	70,5	68,3	67,3	69,1
14 Framleiðsla landbúnaðarafurða (10+13) <i>Agricultural goods output (10+13)</i>	94,6	95,2	93,8	94,7	94,5
15 Landbúnaðarþjónusta <i>Agricultural services output</i>	0,6	0,7	0,6	0,7	0,6
16 Landbúnaðarframleiðsla (14+15) <i>Agricultural output (14+15)</i>	95,3	96,0	94,4	95,3	95,1
17 Aukastarfsemi sem ekki fellur undir landbúnað (óaðgreinanleg) <i>Non-agricultural secondary activities (inseparable)</i>	4,7	4,0	5,6	4,7	4,9
18 Heildarframleiðsla landbúnaðargeirans (16+17) <i>Output of the agricultural 'industry' (16+17)</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

¹ Gulrófur eru taldar til fóðurjurtanna en ekki til fersks grænmetis samkvæmt aðferðafræðinni sem beitt er. Verðmæti rófuframleiðslunnar 2011 er áætlað 106 milljónir króna. Swedes are included in the item 'other forage plants' and not 'fresh vegetables' according to the methodology used. The value of the swede production 2011 is estimated ISK 106 million.

Tafla 4. Aðfanganotkun 2007–2011
Table 4. Intermediate consumption 2007–2011

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>	2007	2008	2009	2010	2011
19.01 Fræ og fjölgunarefni <i>Seeds and planting stock</i>	212	231	324	343	342
19.01.1 Fræ og fjölgunarefni frá öðrum aðilum innan landbúnaðargeirans <i>Seeds and planting stock supplied by other agricultural holdings</i>	10	14	13	12	12
19.01.2 Fræ og fjölgunarefni keyptir af aðilum utan landbúnaðargeirans <i>Seeds and planting stock purchased from outside the agricultural 'industry'</i>	201	217	311	331	331
19.02 Orka, smurefni <i>Energy, Lubricants</i>	1.548	1.913	2.170	2.338	2.499
19.02.1 Rafmagn <i>Electricity</i>	826	886	968	1.060	1.078
19.02.3 Annað eldsneyti og drifefni <i>Other fuel and propellants</i>	542	826	909	968	1.096
19.02.9 Annað; smurefni <i>Other; Lubricants</i>	180	201	292	310	325
19.03 Áburður og jarðvegsbætar <i>Fertilisers and soil improvers</i>	1.319	2.193	2.439	2.904	3.106
19.04 Vörur til plöntuverndar og varnarefni <i>Plant protection products, herbicides, insecticides and pesticides</i>	46	50	69	67	62
19.05 Kostnaður vegna dýralækninga <i>Veterinary expenses</i>	460	535	656	725	726
19.06 Fóður <i>Feedingstuffs</i>	9.486	12.083	13.414	14.732	15.807
19.06.1 Fóður frá öðrum aðilum innan landbúnaðargeirans <i>Feedingstuffs supplied by other agricultural holdings</i>	29	37	36	89	59
19.06.2 Fóður sem keypt er utan landbúnaðarargeirans <i>Feedingstuffs purchased from outside the agricultural 'industry'</i>	4.107	5.327	5.610	5.679	6.839
19.06.3 Fóður framleitt og notað innan sömu bújarðar <i>Feedingstuffs produced and consumed by the same holding</i>	5.350	6.719	7.767	8.964	8.908
19.07 Viðhald fjármuna (annarra en bygginga) <i>Maintenance of materials</i>	917	1.073	1.376	1.481	1.678
19.08 Viðhald bygginga (að frátöldu íbúðarhúsnæði) <i>Maintenance of buildings</i>	1.109	1.136	1.297	1.292	1.455
19.09 Landbúnaðarþjónusta <i>Agricultural services</i>	225	299	300	309	319
19.10 Reiknuð fjármálþjónusta (FISIM) <i>Financial intermediation services indirectly measured (FISIM)</i>	1.666	1.008	544	637	665
19.11 Önnur vara og þjónusta <i>Other goods and services</i>	4.962	7.011	6.840	7.305	7.985
19 Aðfanganotkun samtals <i>Total intermediate consumption</i>	21.950	27.532	29.429	32.131	34.644

Tafla 5. Afkomuþróun landbúnaðarins 2008–2011Table 5. *Agricultural development 2008–2011*

breyting frá fyrra ári á verði hvers árs, % <i>% change from preceding year in each year's prices</i>	2008	2009	2010	2011
Virði afurða nytjaplönturæktar <i>Value of crop products</i>	29,1	16,3	9,2	2,2
Virði afurða búfjárræktar <i>Value of animal husbandry products</i>	15,5	9,8	-0,2	13,2
Tekjur af landbúnaðarþjónustu <i>Income from agricultural services</i>	32,9	0,2	3,0	3,4
Tekjur af óaðgreinanlegri aukastarfsemi <i>Income from inseparable non-agricultural secondary activities</i>	0,2	56,8	-15,4	15,0
Heildarframleiðsluvirði <i>Total output value</i>	18,0	13,2	1,4	10,2
Kostnaður við aðfanganotkun <i>Intermediate consumption</i>	25,4	6,9	9,2	7,8
Vergt vinnsluvirði <i>Gross value added</i>	5,2	26,3	-12,3	15,3
Afskriftir fastafjármuna <i>Fixed capital consumption</i>	29,0	-2,2	-7,4	-4,9
Hreint vinnsluvirði <i>Net value added</i>	-1,9	37,4	-13,6	21,3
Aðrir framleiðslustyrkir <i>Other subsidies on production</i>	55,4	-25,7	42,5	-69,0
Aðrir framleiðsluskattar <i>Other taxes on production</i>				
Þáttatekjur <i>Factor income</i>	0,1	34,0	-11,9	16,9
Launakostnaður <i>Compensation of employees</i>	8,4	4,1	16,1	10,0
Rekstrarhagnaður/einyrkjatekjur <i>Operating surplus/mixed income</i>	-3,0	46,7	-20,4	20,0
Leiga og önnur leigugjöld af fasteignum sem ber að greiða (jarðaleiga) <i>Rents and other real estate charges to be paid</i>	23,8	27,8	24,5	-7,5
Fjármagnsgjöld ¹ <i>Interest paid¹</i>	392,5	-65,7	-42,7	-1,1
Fjáreignatekjur <i>Interest received</i>	-73,4	-10,1	-2,1	-3,3

¹ Liðurinn fjármagnsgjöld sýnir miklar breytingar í kjölfar efnahagshrunsins vegna hækkunar á höfuðstól lána árið 2008. *The item "interest paid" spikes following the economic collapse due to increase of loan capitalstock in the year 2008.*

Tafla 6. Fjármunamyndun landbúnaðarins 2007–2011Table 6. *GFCF in agriculture 2007–2011*

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>	2007	2008	2009	2010	2011
32 Fjármunamyndun í landbúnaðarafurðum <i>GFCF in agricultural products</i>	1.568	1.790	1.946	1.836	2.063
32.1 Fjármunamyndun í plantekrum <i>GFCF in plantations</i>	–	–	–	–	–
32.2 Fjármunamyndun í bústofni <i>GFCF in animals</i>	1.568	1.790	1.946	1.836	2.063
33 Fjármunamyndun í afurðum sem ekki falla undir landbúnað <i>GFCF in non-agricultural products</i>	5.692	3.781	2.706	2.026	2.236
33.1 Fjármunamyndun í efnislegum eignum <i>GFCF in materials</i>	3.674	2.300	1.292	688	823
33.11 Fjármunamyndun í vélum og öðrum búnaði <i>GFCF in machines and other equipment</i>	3.533	2.065	1.193	540	668
33.12 Fjármunamyndun í flutningatækjum <i>GFCF in transport equipment</i>	140	236	99	148	156
33.2 Fjármunamyndun í byggingum <i>GFCF in buildings</i>	2.011	1.420	1.308	1.320	1.364
33.21 Fjármunamyndun í húsakosti á bújörð (að frátöldu íbúðarhúsnæði) <i>GFCF in farm buildings (non-residential)</i>	1.962	1.111	763	1.204	1.243
33.22 Fjármunamyndun í annarri vinnu að frát. landbótum (aðrar byggingar mannvirki o.þ.h.) <i>GFCF in other works except land improvements (Other buildings, structures, etc.)</i>	49	309	546	117	120
33.9 Önnur fjármunamyndun <i>Other GFCF</i>	7	60	105	17	49
33.91 Fjármunamyndun í óápreifanlegum varanl. eignum (t.d. hugbúnaði) <i>GFCF in intangible fixed assets (e.g. computer software)</i>	7	60	105	17	49
33.92 Viðbót við verðmæti eigna sem ekki eru fjárm. eðlis og sem ekki eru framleiddar <i>Addition to the value of non-financial non-produced assets</i>
34 Fjármunamyndun (32+33) <i>Gross fixed capital formation</i>	7.260	5.571	4.652	3.861	4.300

Hagtíðindi **Sjávarútvegur og landbúnaður**
Statistical Series ***Fisheries and agriculture***

98. árg. • 2. tbl.

2013:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4533 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4541 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Benedikt Hálfðanarson • benedikt.halfðanarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series